



Tré, snæri, hengirúm og skýli

Dagsetning: 26.september kl. 09:30 – 11:50

Dagsetning: 28.september kl. 13:30 – 15:50

Á þessu námskeiði er notast við náttúrulegt skógarefni, trjáboli og spírir. Við lærum nýta okkur hnúta og búum til hengirúm skýli eða skjól. Námskeiðið er í senn ævintýrlegt nám og reynslunám þar sem bæði samvinna og einstaklingsframtak fær að blómstra.



Gufuneseyjan

Dagsetning: 19.september kl. 09:30 – 11:50

Dagsetning: 26.september kl. 09:30 – 11:50

Verkefnið Gufuneseyjan verður kynnt þar sem einstakir þættir námskrár fléttast saman við eyðieyju þema. Verkefnið felur í sér þónokkra hreyfingu þar sem þátttakendur þurfa að klifra, ganga, skjóta úr boga og kasta svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður stuðst við grunnþætti útiöldunar, grunnþætti rötunar ásamt því að þátttakendur þurfa að reisa sér skýli. Verkefnið tekur venjulega sex klukkustundir en í þessari kynningu á verkefninu er miðað við tvo tíma og því er um að ræða kynningu á verkefninum með verklegum blæ.



Fjallanga – hópstjórn og hugmyndafræði

Dagsetning: 23.september kl. 09:00 – 11:50

Að fara í gönguferð er eitt vinsælasta form útivistar og auðvelt að nota í skóla- og frístundastarfi. Í þessari stuttu gönguferð verður sjónum beint að því hvernig við getum farið á öruggan og uppbyggilegan hátt með hóp í fjallgöngu. Stefnan er tekin á Úlfarsfell sem er 384m hátt fell. Um leið og við göngum saman munum við ræða um upphaf og endir göngunnar, áfanga og nestisstopp, hvað ber fyrir augu og eyru á leiðinni. Ræðum útbúnað og áherslur, hópstjórn og leiðaval.




Ratvísi

Dagsetning: 21.september kl. 13:30 – 15:50

Dagsetning: 30.september kl. 09:30 – 11:50

Á þessu námskeiði kynnst þátttakendur notkun áttavita, búa til áttavita, lesa í og nota kort ásamt því að kynnst rathlaupi (*Orienteering*). Þátttakendur læra auðveldar aðferðir sem hægt er að nota í leik og starfi. Við lok skóla- og frístundastarfs barna við 16 ára aldur eiga börn að geta skýrt tákna korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.



Snjallratleikir

Dagsetning: 19.september kl. 09:30 – 11:50

Dagsetning: 30.september kl. 09:30 – 11:50

Snjallratleikir eru öflugt og skemmtilegt tæki til náms og leiks sem bjóða upp á mikla möguleika og ný tækifæri. Fjallað verður um rafræna ratleiki og fjölþættan ávinning þeirra í leik og starfi. Kynnt verður snjall-ratleikja forritið *Actionbound* og fá þátttakendur að spreyta sig á ratleik á útivistarsvæðinu til að kynnst eiginleikum rafrænna ratleikja.



Útiöldun – grunnur

Dagsetning: 21.september kl. 13:30 – 15:50

Dagsetning: 28.september kl. 13:30 – 15:50

Notkun útiöldunar í leik og starfi með börnum og unglingum gefur tækifæri á ýmskonar þjálfun og fræðslu samhliða því að elda saman. Á þessu námskeiði verður farið í hvernig kveikja á upp í eldstæði, búnaður til útiöldunar kynntur og þátttakendur spreyta sig á nokkrum einföldum útiöldunar hugmyndum sem auðvelt er að framkvæma.